

Inngangur

Matvælastofnun skal sinna eftirliti með efnaleifum og efnum, sem skráð eru í I. viðauka í reglugerð nr. 30/2012, í frumframleiðslu og frumframleiðsluafurðum með greiningum í lifandi dýrum, afurðum, úrgangi og fóðri.

Matvælastofnun skal árlega útbúa efnaleifaáætlun um eftirlit með efnaleifum og aðskotaefnum í afurðum dýra.

Í efnaleifaáætluninni skal:

- a) kveða á um greiningu flokka efnaleifa eða efna eftir dýrategund í samræmi við II. viðauka í reglugerð nr. 30/2012;
- b) tilgreina sérstaklega ráðstafanir til að greina:
 - i. hvort efnin sem um getur í a-lið finnast í dýrum, drykkjarvatni dýranna og á öllum stöðum þar sem dýrin eru alin eða haldin,
 - ii. hvort leifar framangreindra efna finnast í lifandi dýrum, afurðum, úrgangi og fóðri;
- c) fylgja þeim sýnatökureglum og sýnatökufjölda sem kveðið er á um í III., IV. og V. viðauka í reglugerð nr. 30/2012.

Matvælastofnun skal eigi síðar en 31. mars ár hvert senda uppfærða efnaleifaáætlun til Eftirlitsstofnunar EFTA ásamt niðurstöðum fyrra árs.

Matvælastofnun skal birta yfirlit um framkvæmd og niðurstöður efnaleifaáætlunarinnar.

Afurðastöðvar skulu í gegnum innra eftirlit gera nauðsynlegar ráðstafanir til að:

- a) taka aðeins við dýrum ef eigandi eða umráðamaður búfjár getur ábyrgst að afurðanýtingarfrestur hafi verið virtur;
- b) fullvissa sig um að í dýrunum eða afurðunum:
 - i. sé magn efnaleifa ekki yfir leyfilegu hámarki,
 - ii. sé ekki vottur af bönnuðum efnum eða afurðum.

Afurðastöðvum og eigendum eða umráðamönnum búfjár er aðeins heimilt að selja:

- a) dýr sem ekki hafa fengið óleyfileg efni eða afurðir eða ólöglega meðferð samkvæmt reglugerð nr. 30/2012;
- b) afurðir úr þeim dýrum sem um getur í a-lið.

Ef annar en eigandi eða umráðamaður búfjár framvísar dýri á afurðastöð, flyst skuldbindingin sem mælt er fyrir um í 5. gr. í reglugerð nr. 30/2012 yfir á viðkomandi.

Eigendum og umráðamönnum búfjár sem og dýralæknum er skylt að veita Matvælastofnun allar upplýsingar sem stofnunin fer fram á.

Matvælastofnun er heimilt að framkvæma slembieftirlit:

- a) við framleiðslu, meðhöndlun, geymslu, flutning, dreifingu og sölu óleyfilegra efna og vaxtastýriefna (í A-flokki I. viðauka í reglugerð nr. 30/2012);
- b) hvenær sem er í framleiðslu og dreifingu fóðurs;
- c) í öllu framleiðsluferli dýra og afurða úr dýraríkinu sem falla undir reglugerð nr. 30/2012.

Þessu slembieftirliti er einkum ætlað að leiða í ljós umráð eða tilvist bannaðra efna eða afurða sem ætlunin er að ala dýrin á eða nota við ólöglega meðferð.

Leiki grunur á að brotið hafi verið gegn ákvæðum 1. mgr. fer um aðgerðir samkvæmt 11. - 14. gr. í reglugerð nr. 30/2012 og ráðstöfunum sem um getur í V. kafla sömu reglugerðar.

Matvælastofnun skal framkvæma eftirlit sem kveðið er á um í reglugerð nr. 30/2012 án þess að tilkynna um það fyrirfram.

Sýnataka

Ábyrgðarsvið

Matvælastofnun tilnefnir opinbera skoðunarmenn til að taka, skrá og undirbúa sýni vegna opinbers eftirlits og skipuleggja flutning þeirra við viðeigandi skilyrði.

Greining sýnanna skal eingöngu fara fram á rannsóknastofum sem lögbært yfirvald hefur vottað að megi annast opinbert eftirlit með efnaleifum. Viðurkenndar rannsóknastofur skulu vera þátttakendur í alþjóðlega viðurkenndu ytra gæðaeftirlitsmats- og faggildingarkerfi. Rannsóknastofurnar skulu sanna hæfni sína með því að taka reglulega þátt í hæfnisprófunarkerfum sem tilvísunarrannsóknastofur Bandalagsins eða tilvísunarrannsóknastofur í hverju landi fyrir sig viðurkenna eða skipuleggja og standast prófanirnar.

Grundvallarpættir

Alltaf þegar opinber sýni eru tekin skal sýnatakan vera, eftir fremsta megni, ófyrirséð og óvænt.

Sýnatökur skulu fara fram með óreglulegu millibili og dreifast yfir allt árið. Taka skal tillit til þess ef efni eru einungis notuð á tilteknum árstíðum.

Sýnatökuáætlun

Áætlun um eftirlit með efnaleifum miðar að því að:

- a) greina öll tilvik ólöglegar meðferðar
- b) fylgjast með samræmi við hámarksgildi fyrir dýrallyfjaleifar og hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar
- c) kanna og leiða í ljós orsakir þess að efnaleifar finnast í matvælum úr dýraríkinu

Söfnun sýna

- Marksýni er sýni sem er tekið í samræmi við sýnatökuáætlunina.
- Sýni sem vekur grunsemdir er sýni sem er tekið:
 - vegna jákvæðrar niðurstöðu úr prófun á sýni sem var tekið skv. efnaleifaáætlun

- ef opinber dýralæknir sláturhúss grunar eða hefur sannanir fyrir því að viðkomandi dýr hafi fengið ólöglega meðferð eða að þeim hafi verið gefin óleyfileg efni eða afurðir eða fengið leyfilega meðferð en að afurðanýtingarfrestur hafi ekki verið virtur
- Slembisýni er sýni sem er tekið á tölfræðilegum grunni til að veita lýsandi gögn.

Taka marksýna á býlum

Til að greina lyfjafræðilega virk efni skal taka samsvarandi, viðeigandi sýni samkvæmt ákvæðum áætlunarinnar um eftirlit með efnaleifum.

Velja má býli fyrir sýnatöku með því að nota staðbundna þekkingu eða aðrar upplýsingar sem málið varða, t.d. tegund eldiskerfis, búfjárkyn og kyn dýra. Skoðunarmaðurinn leggur síðan mat á allt búféð á býlinu til að velja þau dýr sem taka skal sýni úr. Við þetta mat skal m.a. styðjast við eftirfarandi viðmiðanir:

- vísbendingar um notkun lyfjafræðilega virkra efna,
- annars stigs kyneinkenni, breytingar á atferli,
- sama þroskastig í hópi dýra af ólíku kyni eða tegundum,
- dýr með góða holdsetningu og lágt hlutfall fitu.

Taka marksýna á frumvinnslustöðvum

Til að greina lyfjafræðilega virk efni skal taka samsvarandi, viðeigandi sýni samkvæmt ákvæðum áætlunarinnar um eftirlit með efnaleifum.

Við mat á dýrahæjum og/eða dýraafurðum sem taka á sýni úr skal skoðunarmaðurinn m.a. beita eftirfarandi viðmiðunum:

- kyn, aldur, tegund og búskaparkerfi,
- upplýsingar um framleiðandann,
- vísbendingar um notkun lyfjafræðilega virkra efna,
- viðtekin venja að því er varðar það að gefa lyfjafræðilega virk efni innan viðkomandi landbúnaðarframleiðslukerfis.

Þegar sýni eru tekin skal reynt að komast hjá því að taka mörg sýni hjá einum framleiðanda.

Stærð sýna

Lágmarksstærð sýnanna er skilgreind á viðkomandi sýnatökuseðli. Stærðin verður að vera nægileg til að gera viðurkenndum rannsóknastofum kleift að framkvæma greiningarferlið sem þarf til að ljúka skimun og staðfestingargreiningum.

Sérhverju sýni skal skipt í a.m.k. tvö jafngild undirsýni sem bæði geta farið í gegnum allt greiningarferlið. Skiptingin skal fara fram þar sem sýnið er tekið eða þar sem gengið er frá því.

Sýnisílát

Sýnum skal safnað í viðeigandi ílát þannig að þau haldist óbreytt og rekjanleg. Einkum verða ílát að vera þannig úr garði gerð að með notkun þeirra sé komið í veg fyrir skipti á sýnum, víxlmengun eða skemmdir. Ílátin skulu innsiglið með opinberu innsigli. Sérgreinadýralæknir efnaleifa sendir út viðeigandi sýnisílát og innsigli til umdæmisskrifstofa/ sláturhúsa.

Sýnatökuskýrsla (sýnatökuseðill)

Leggja skal fram skýrslu að lokinni hverri sýnatöku (sýnatökuseðill).

Á sýnatökuseðilinum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- heimilisfang lögbærra yfirvalda (Matvælastofnunar),
- nafn skoðunarmanns (undirskrift),
- opinbert kenninúmer sýnisins (númer sýnis)

- sýnatökudagur,
- nafn eiganda/ rekstraraðila,
- nafn upprunabýlis/ fiskeldisstöðvar/ varphúss og búsnúmer ef við á,
- Leyfisnúmer sláturhúss/ eggjapökkunarstöðvar (kemur fram í númeri sýnis ef við á),
- auðkenni á dýrinu eða afurðinni (einstaklingsnúmer eða rekjanleikanúmer),
- dýrategund og ef við á aldur og kyn,
- sýnaefniviður (tegund sýnis og magn),
- efni eða efnaflokkar sem eru til skoðunar (mæling)

Sýnatökuáætlun

Áður en sýnatökur hefjast þarf að sækjast eftir framleiðslumagni ársins á undan til Búnaðarstofu, Auðhumlu, sérgreinadýralæknis fiskisjúkdóma og sérgreinadýralæknis alifugla. Sérgreinadýralæknir efnaleifa (SE) reiknar lágmarksfjölda sýna fyrir hverja dýrategund/ búfjárafurð sem safna þarf á viðkomandi sýnatökuári í excel skjali sem ber heitið „National plan 20XX ICELAND“ (hin árlega efnaleifaáætlun) og raðar áætluðum fjölda sýna niður á efnahópa skv. kröfum reglugerðar nr. 30/2012.

Þar næst er sýnum fyrir hverja dýrategund/ búfjárafurð skipt niður á umdæmi, samþykktar starfsstöðvar, framleiðendur eða eggjapökkunarstöðvar eftir framleiðslumagni frá árinu á undan, fjölda dýra í hverju umdæmi skv. opinberum fjöldataölum í Bústofni (sýni tekin á býlum), opinberri skrá yfir eldisfyrirtæki (fiskeldissýni), fjölda varphúsa (eggjasýni), áhættu eða áherslum (excel skjal sem ber heitið „Útreikingar 20XX“).

Því næst er sýnum raðað niður í excel skjal sem heldur utan um allar upplýsingar um sýnin sem skulu tekin skv. árlegu efnaleifaáætluninni. Þar er búið til númer fyrir sýni byggt á matrixu, númeri sýnis, sýnatökuári og umdæmi/sláturhúsi/eggjapökkunarstöð. Aðrar upplýsingar sem koma fram í skjalinu er efnahópur, dýrategund, rannsóknastofa, sýnatökumánuður o.fl. Skjalið ber heitið „Sýnatökur 20XX“.

Öll skjölin eru vistuð inn á OneDrive undir möppunni Efnaleifar > Efnaleifar 20XX.

Eftirfarandi númeraraðir eru notaðar til aðgreiningar dýrategunda/ búfjárafurða:

- 1-199 Nautgripir
- 200-299 Svín
- 300-399 Hross
- 400-799 Sauðfé
- 800-1099 Alifuglar
- 1100-1599 Eldisfiskur
- 1600-1799 Mjólk
- 1800-2099 Egg
- 2100-2299 Villt dýr

Sýnatökum er dreift yfir árið eins og kostur er á út frá gögnum í Búfjárheilsu, upplýsingum frá Lyfjastofnun varðandi sölu dýrallyfja og A6 flokka lyfja til dýralækna, en einnig í samráði við þær rannsóknastofur sem mæla efnaleifasýni.

Taka þarf tillit til landfræðilegra aðstæðna/aðgengis og árstíðamismun ef kostur er á.

Tafla skipt upp eftir efnum, dýrategundum og tegund sýna (matrixu)

Tafla 1. Yfirlit yfir tegund sýna (matrixu) sem skulu tekin eftir því hvaða efni á að greina og frá hvaða dýrategund sýnin eru tekin.

Efni til greiningar	Hópur	Nautgripir	Sauðfé	Svín	Hross	Alifuglar	Eldisfiskar	Hreindýr	Hvalir	Mjólk	Egg
Stilben, Sterar, RAL	A1/A3/A4	U	U	U	U	L	M/A/F	-	-	-	-
Efni m. skjaldkirtilsheftandi virkni	A2	U	U	U	U		-	-	-	-	-
Beta-örvar	A5	U/L/W/F	L	U/L/W/F	L	L/W/F	-	-	-	-	-
Klóramfenikól, nitrofurán, nitróímídasól	A6	U/M/F	M	U/M	M	M	M/A/F	-	-	Já	Já
Sýklalyf	B1	M	M	M	M	M	M	-	-	Já	Já
Sníklalyf	B2a	L	L	L	L	L	M	-	-	Já	-
Hníslalyf	B2b	L	L	M	L	L	-	-	-	-	Já
Karbamat og píretróíð	B2c	L/M	L	L	L	M	M	-	-	-	Já
Róandi lyf	B2d	K	K	K	K	-	-	-	-	-	-
Bólgueryðandi lyf (NSAIDs)	B2e	K	K	K	K	M	-	-	-	Já	-
Barksterar	B2f	L	-	-	-	-	-	-	-	Já	-
Lífræn klórsambönd	B3a	F	F	F	F/M	L	M	M	M	Já	Já
Lífræn fosfórsambönd	B3b	L	L	L	L	M	-	-	-	Já	-
Kemísk frumefni (þungmálmar)	B3c	M	M	M	M	M	M	H	M	Já	Já
Sveppaeitur (Aflatoxin)	B3d	-	-	-	-	-	M	-	-	Já	-
Sveppaeitur (Ochratoxin)	B3d	K	K	K	K	L	-	-	-	-	-
Litarefni	B3e	-	-	-	-	-	M	-	-	-	-

U: Þvag, L: Lifur, M: Vöðvi, K: Nýra, F: Fita, H: Hjartavöðvi, A: Eldisfiskasýni tekin á fiskeldisstöðvum, W: Vatnssýni tekið á býli, F (A5 og A6): Fóðursýni tekið á býli, Já: Sýni tekin til greiningar á viðkomandi efnahópi.

Sýnatökur

Skimað er fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum, sýklalyfjum, öðrum dýralyfjum (t.d. sníkla- og hníslalyfjum) auk annarra efna og aðskotaefna. Sýni er tekin úr nautgripum, svínum, sauðfé, hrossum, alifuglum, eldisfiskum, mjólk, eggjum, hreindýrum og drykkjarvatni og fódri búfjár. Héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar, dýraeftirlitsmenn og aðrir opinberir starfsmenn Matvælastofnunar sjá um allar sýnatökur.

Sýni af vöðva, fitu, lifur, nýrum eða þvagi frá dýrum eru tekin í sláturhúsum við slátrun.

Mjólkursýni eru tekin á kúabúum beint úr mjólkurtanki (hrámjólk).

Þvagsýni eru tekin á nautgripa- og svínabúum til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Lifrar- og vöðvasýni eru tekin á alifuglabúum til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Einnig eru tekin sýni úr drykkjarvatni og fódri nautgripa, svína og alifugla til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum.

Eggjasýni eru tekin á eggjabúum og eggjapökkunarstöðvum.

Sýni úr fiskeldi eru tekin við slátrun og vinnslu úr sláturfisk (2/3 sýna til að skima fyrir dýralyfjum og aðskotaefnum) og á fiskeldisstöðvum úr fiskum af öllum eldisstigum (1/3 sýna til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum).

Þá eru einnig tekin sýni úr hreindýrum (hjörtu).

Einnig skal eftirlitsdýralæknir taka sýni úr sláturdýrum ef hann grunar eða hefur sannanir fyrir því að viðkomandi dýr hafi fengið ólöglega meðferð eða að þeim hafi verið gefin óleyfileg efni eða afurðir eða fengið leyfilega meðferð en að afurðanýtingarfrestur hafi ekki verið virtur. Skrokkum og aukaafurðum skal haldið eftir þar til niðurstöður liggja fyrir.

Sýnatökur fara fram samkvæmt leiðbeiningum á sýnatökuseðlum og samkvæmt útgefnum sýnatökuleiðbeiningum.

Ath. skv. kröfum Bandaríkjamarkaðs (USA) skal halda eftir sauðfjárskrokkum sem tekin hafa verið efnaleifasýni úr þar til niðurstöður liggja fyrir.

Sýnatökuseðlar - eyðublöð fyrir sýnatökur

Word skjal fyrir viðkomandi dýrategund/ búfjárafurð „Sýnatökuseðill – Eftirlit með efnaleifum í XX (viðkomandi dýrategund/ búfjárafurð)“ er tengt við excel skjalið „Sýnatökur 20XX.xls“ með Mail Merge undir „Mailings“ flipa í Word. Eitt eyðublað er fyrir hvert sýnanúmer. Þannig færast sýnanúmer og aðrar fyrirfram ákveðnar upplýsingar (matrixa, magn, númer sýnis, dýrategund o.fl.) um sýnin inn á eyðublöðin. Svo eru eyðublöðin fyrir viðkomandi sýnatökutímabil prentuð út.

Skjölin „Sýnatökuseðill – Eftirlit með efnaleifum í XX (viðkomandi dýrategund/ búfjárafurð)“ eru vistuð inn á OneDrive undir möppunni Efnaleifar > Gæðaskjöl og í gæðahandbók Matvælastofnunar.

Sér sýnatökuseðill er fyrir „grunsamleg sýni“ sem kallast „Sýnatökuseðill – Grunur um efnaleifar“. Sýnatökuseðillinn má nálgast inn í gæðahandbók Matvælastofnunar. Seðillinn er einnig vistaður inn á OneDrive undir möppunni Efnaleifar > Gæðaskjöl.

SE endurskoðar sýnatökuseðlana á hverju ári. Leiðbeiningar til að velja sýni markvisst (targeted) eru sendar með sýnatökubúnaði öðru hvoru yfir sýnatökuárið.

Sýnatökugögn

Tryggja þarf nægar birgðir sýnatökugagna sem geymd eru á skrifstofu á Akureyri (sýnatökuherbergi). Þeim er dreift þaðan á umdæmisskrifstofur/ sláturhús.

- Innsigli – sérgreinaðýralæknir pantar innsigli hjá SLV/ Precintia, hjá Miðaprent (MAST innsigli), límband merkt MAST frá Saltkaup Nordic.
- Sýnatökuseðlar – sérgreinaðýralæknir prentar út viðeigandi eyðublöð og sendir með sýnatökubúnaði (sjá nánar um eyðublöðin neðar í skjalinu).
- Sendingarseðlar – sérgreinaðýralæknir prentar sendingarseðla með heimilisföngum umdæmisskrifstofa og móttökustað sýna og lætur annars vegar utan á kassa undir sýnatökubúnað og sendir hins vegar með búnaði til endursendingar á sýnum.
- Sýnapokar – sérgreinaðýralæknir pantar viðeigandi stærðir og gerðir af pokum undir sýni.
 - Nasco WHIRL-PAK SÝNAT.POKAR"WRITE-ON"540ML – þvag, vatn og lambanýru
 - Nasco WHIRL-PAK SÝNATÖKUP"WRITE-ON"1650ML – vöðvi, fita, lifur, nýru, fódur, fiskur
 - Abena frystipokar 4L 36my – mjólk, eggjasýni
 - Abena frystipokar 8L 36my - eggjabakkar
- Sýnaglös – pöntuð eru 50 ml rör fyrir þvag, mjólk, vatn og egg, pípettur fyrir mjólkursýnatökur og eggjasýni, 250 ml glös fyrir mycotoxin í mjólk.
 - Sarstedt SÝNAGLAS 50 ML PP 114X28MM (ÓSTER)
 - Thermo scientific WIDE-MOUTH BOTTLE, PP 250 ml
 - Sýnatökubelgir (vörunúmer 181010205 hjá Sigurplasti) (pípettur)

- Annar búnaður - Frauðplastkassar, teygjur eða tape-rúllur til að loka pípettum, merkipennar, plastvasar undir sýnatökuseðla.

Sýnatökubúnaðar, frágangur og sending búnaðs/ sýna

Frauðplastkassi inniheldur:

- Sýnatökuseðla;
- 2 sýnapoka (aðal- og varasýni) fyrir hvern seðil, með skráðu númeri sýnisins. Stærð poka þarf að henta sýni.
- Þvagsýnarör ef við á (2 fyrir hvert þvagsýni);
- Mjólkursýnarör ef við á (2 fyrir hverja mælingu og 1 pípettu fyrir hverja mælingu sem varasýni);
- Nægilegur fjöldi innsigla;
- Sendingarseðill með heimilisfangi móttakanda sýnanna (Sýni Kópavogi eða Sýni Akureyri);
- Listi yfir sýnin sem eru í kassanum með nánari upplýsingum, prentað út úr skjalinu „Sýnatökur 20XX“.
- Plastvasi til að geyma sýnatökuseðla í svo þeir blotni ekki í flutningum með sýnunum.
- Teygjur eða tape-rúlla ef við á (til að loka pípettum).

Kassar eru merktir með heimilisfangi viðkomandi umdæmisskrifstofu.

Héraðsdýralæknar fá aðgang að sýnatökuskjali og skjali yfir dreifingu sýnatöku yfir árið á OneDrive og geta fylgst þar með sýnatökuáætlun.

Mikilvægt er að sýnatökutímabil séu virt og sýnum sé skilað á réttum tíma til Sýnis (í Kópavogi/ á Akureyri) eða til Mast á Akureyri (eggjasýni). Sýnin eru send frá umdæmisskrifstofum sem frystivara til Sýnis, í Kópavogi eða á Akureyri, til flokkunar og umpökkunar (eins og um hefur verið samið um útsendingu sýna til annarra rannsóknastofa). Ef um eggjasýni er að ræða eru þau send sem kælivara til Matvælastofnunar á Akureyri (sérgreinadýralæknis efnaleifa) til frekari vinnslu. Eftir vinnslu eru þau send til Sýnis á Akureyri. Ef um fódursýni er að ræða skulu þau send til Sýnis sem kælivara. Ef um hníslalyfjafódursýni er að ræða eru þau send til Matvælastofnunar á Selfossi (fóðureftirlits) til frekari vinnslu. Starfsmenn fóðureftirlits sjá svo um að senda sýnin til erlendra rannsóknarstofu.

- **Sýni** (Akureyri) tekur við eftirfarandi sýnum og skulu þau send sem **frystivara**:
 - Mjólkur og sauðfjár (og eggja eftir frekari vinnslu).
 - Heimilsfang Sýnis, Akureyri:
[Rannsóknarþjónustan Sýni ehf.](#)
Furuvellir 1, 2. hæð
600 Akureyri
Sími: 464-3810 og 464-3812
Kennitala: 410493-2689
- **Sýni** (Kópavogi) tekur við eftirfarandi sýnum og skulu þau send sem **frystivara**:
 - Nautgripa, svína, hrossa, alifugla, eldisfiska og hreindýra (þ.m.t. vatnssýni og fódursýni, til greiningar á beta-örvum, tekin á nautgripa-, svína- og alifuglabúum).
 - Heimilsfang Sýnis, Kópavogi:
[Rannsóknarþjónustan Sýni ehf.](#)
Víkurbær 3
203 Kópavogi
Sími: 5123380
Kennitala: 410493-2689

- **Sérgreindýralæknir efnaleifa** tekur við eggjasýnum og skulu þau send sem **kælivara** og **brothætt**.
 - Heimilisfang Matvælastofnunar á Akureyri:
Matvælastofnun
Furuvöllum 1
600 Akureyri
B.t.: Sifjar Sigurðardóttur
S: 858 0804
- **Sérfræðingar fóðureftirlits** taka við hníslalyfjafóðursýnum tekin á alifuglabúum.
 - Heimilisfang Matvælastofnunar á Selfossi:
Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss
B.t. Fóðureftirlits
S: 530-4800
Kennitala: 460905-1410

Rannsóknastofur og niðurstöður

Eftirfarandi rannsóknastofur taka við og greina opinber sýni sem tekin eru skv. árlegu efnaleifaáætlun Matvælastofnunar:

- Livsmedelsverket í Svíþjóð (SLV)
- Fødevarestyrelsen í Danmörku (FVST)
- Eurofins Food & Feed Testing í Svíþjóð (EUSELI)
- Wageningen Food Safety Research í Hollandi (WFSR)
- CER Groupe - Analytical Laboratory í Belgíu (CER)
- Matís á Íslandi (Matís)

Tímafrestir á afhendingu niðurstaðna koma fram í samningum við þær rannsóknastofur sem gerður er skriflegur samningur við. Einnig er krafa um að rannsóknastofa hafi samband strax með tölvupósti ef kemur í ljós við greiningu sýna að niðurstöður séu yfir hámarksgildum eða jákvæðar (ef um óleyfileg efni er að ræða).

Niðurstöður sem berast skal vista í málaskrá undir máli með heitið:

- „Efnaleifar 20XX“

Niðurstöður frá mismunandi rannsóknarstofum skal vista í möppum með skammstöfun þeirra (SLV, FVST, EUSELI, WFSR, CER, Matís). Niðurstöður yfir hámarksgildum eru vistaðar í möppu með heitinu „Jákvætt“.

Viðbrögð við frávikum

Niðurstöður eru metnar og aðgerðir ákveðnar í samræmi við **VLY-102** eða **VLY-104** í gæðahandbók Matvælastofnunar.

- Rekja skal sýnið í samráði við héraðsdýralækni og grafast fyrir um hugsanlegar ástæður;
 - Setja skal viðeigandi gögn undir málið „Efnaleifar 20XX“ í möppu með heitinu „Jákvætt“ í málakerfi (OneCRM)
- Ef grunur er um saknæmt athæfi eða lyfjamisferli skal einnig útbúa mál í málakerfinu með bónda/framleiðanda sem málsaðila

Ef eftirlitsdýralækni í sláturhúsi grunar eða hefur sannanir fyrir að viðkomandi dýr hafi fengið ólöglega meðferð eða að þeim hafi verið gefin óleyfileg efni eða afurðir eða fengið leyfilega meðferð en að afurðanýtingarfrestur hafi ekki verið virtur skal hann vinna skv. **VLY-105**.

Skráning og dreifing niðurstaðna

Niðurstöður eftirlitsins er hlaðið upp á XML formi (útbúið í XML Tool útgefið af EFSA ár hvert) inn í Data Collection Framework (DCF) fyrir 30. júní ár hvert. Þar eru XML skjölin rýndar af EFSA. Þaðan eru niðurstöðurnar sendar af SE inn í Data Warehouse (DWH) þar sem EFSA útbýr landsbundna skýrslu eftir að SE hefur staðfest að öll skjölin séu rétt.

Niðurstöður eftirlitsins eru skráðar í excel skjal sem sent er til annarra sérmarkaðssvæða (USA). Mál er stofnað í málaskrá um þessi samskipti (heiti annarsvegar fyrir ESA „NRCP Iceland xxxx“ og hinsvegar fyrir USA „Aðskotaefnaeftirlit USA – Residue Control Program xxxx“).

Það sem þarf að koma fram:

- Fjöldi sýna í efnaleifaáætlun;
- Fjöldi greindra sýna;
- Fjöldi sýna yfir hámarksgildi skv. reglugerðum;
- Skipting eftir dýrategundum.

Tengd gæðaskjöl

- Vinnulýsingar: VLY-102, VLY-104, VLY-105, VLY-056
- Sýnatökuseðlar: EBL-114, EBL-115, EBL-117, EBL-118, EBL-119, EBL-120, EBL-121, EBL-122, EBL-123, EBL-134, EBL-135, EBL-137
- Sýnatökuleiðbeiningar: LBE-204
- Annað: EBL-067, LBE-209